

Markmið:

Helstu markmið á þessu aldurstigi er að kynna fyrir nemendum aðferðir í textíl og hráefni innan þessarar greinar sem nýtast þeim við að skapa eigin verk. Þá fer saman að læra bæði tæknilegar aðferðir og að þróa ferilvinnu í sköpun hugmynda til að ná dýpt og persónulegum verkum. Til þess að það geti orðið þjálfna nemendur með sér einbeitni, þolinmæði og sjálfstæði. Um leið og nemendur hafa farið þennan feril sköpunar er markmiðið að þeir hafi gert sér grein fyrir hvað það tekur mörg stig að búa til afurð. Markmiðið með slíku vinnu- og námsferli er einnig til að vekja til umhugsunar um framleiðslu á hlutum sem tengist viðmiðum um menntun til sjálfbærni.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópinnlagnir og samræður. Í öllu ferlinu er notast við kennsluaðferð sem tengir við möguleikahugsun, þ.e. að skoða valkosti á mismunandi stigum í skapandi ferilvinnu.

Sýnikennsla er mikilvæg þegar nemendur læra meðferð grunnáhalda. Hún er einnig mikilvæg í sköpunarvinnunni til að fá það útlit í samræmi við hugmyndavinnu.

Gerði athugasemd [ÓÁS1]:

Námsmat:

Símat eftir kennslustundir ásamt því að meta í lok lotunnar í samræmi við ákveðin matsviðmið sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Námsmatið er skráð í Mentor.

Námsgögn:

Bækur ýmis konar sem tengir við vinnu nemenda ásamt viðeigandi síðum á veraldarvefnum.